

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð.

Fossatún.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti samhljóða tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossatún. Lögð var fram uppfærð tillaga dags. 3. október 2019. Ástæða fyrir breytingu er aukin eftirspurn gistingar og vilji til að auka fjölbreytileika í gistingu í Fossatúni. Svefnskálar verða staðsettir að hluta á því svæði sem var tjaldsvæði, en sú þjónusta hefur verið lögð niður. Skipulagssvæði stækkar úr 2,3 ha í 3,2 ha, svæðið stækkar í norður og vestur en afmörkun er dregin innar að austan og breytist lítillega móti suðri. Auk breyttra áherslna í þjónustu breytist stærð og lega deiliskipulagsmarka til samræmis við skipulagsmörk frístundabyggðarinnar og fylgja lóðarmörkum Fossatúns, lóðarmörk breytast lítillega. Í tillögu er gert ráð fyrir að þjónustuhús stækki. Samkvæmt umsögn frá Skipulagsstofnun samræmist deiliskipulagsbreytingin aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Komið hefur verið til móts við athugasemdir og ábendingar frá umsagnaraðilum.

Málsmeðferð var samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borgarnesi, 25. febrúar 2020.

Lilja Björg Ágústsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 11. mars 2020